

GJALDSKRÁ

**fyrir stofngjald fráveitu, fráveitugjald og rotþróargjald
í sameinuðu sveitarfélagi Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar.**

1. gr.

Bæjarstjórn í sameinuðu sveitarfélagi Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar innheimtir gjald fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í sameinuðu sveitarfélagi skv. gjaldskrá þessari og samþykkt nr. 1583/2021 um fráveitur í Stykkishólmsbæ.

2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera:

Fyrir einbýlishús	67.318 kr. á hvert hús
Fyrir fjölbýlishús	22.435 kr. á hverja íbúð
Fyrir annað húsnæði	51,51 kr. á hvern fermetra í húsnæðinu að 4.000 fermetrum. 26,41 kr. á hvern fermetra umfram 4.000 fermetra.

Ef um tvöfalt frárenniskerfi er að ræða skulu ofangreindar fjárhæðir margfaldaðar með tveimur.

3. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Fráveitugjald skal nema 0,15% af álagningarstofni íbúðarhúsnæðis og 0,18% af álagningarstofni atvinnuhúsnæðis. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

4. gr.

Rotþróargjald fyrir hverja rotþró skal vera eftirfarandi árlega:

<i>Stærð í lítrum</i>	<i>kr.</i>
0-2.000	9.320
2.001-4.000	11.695
4.001-6.000	13.312
6.001-8.000	16.454
8.001-10.000	21.755
Rotþró stærri en 10.000	6.217 pr. hvern umframrúmmetra.

Verð miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að standa fjær rotþró en 10 metra.

Fyrir hverja 10 metra umfram það skal greiða kr. 3.708.

5. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt af bæjarstjórn í sameinuðu sveitarfélagi Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar 8. desember 2022 staðfestist hér með samkvæmt 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 og 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1583/2021.

Stykkishólmi, 14. desember 2022.

Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson bæjarstjóri.